

47

16. marz

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Brot gegn 4. mgr. 16. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Brjóti nokkur oftast ákvæði þeirrar málsgreinar eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

48

16. marz

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1950, og Landsbanki Íslands og Útveggsbanki Íslands h.f. veita.

2. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

3. gr.

Það, sem ríkissjóður kann að greiða af lánunum vegna þessarar ábyrgðar, endurgreiðist honum af fé síldveiðideildar hlutabreytingasjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.